



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 25.08.2015 kl. 18:15

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 15. júní var lögð fyrir og samþykkt.
2. Stefnumiðaður vinnufundur
 - Ákveðið var halda stefnumótunarfund aðalstjórnar. Framkvæmdastjóra var falið að finna dagsetningu og boða til fundarins.
3. Fjölnota íþróttahús
 - Formaður gerði grein fyrir stöðunni á verkefninu og samskiptum sínum við bæjarstjóra.
4. Fjárumsýsla Stjörnunnar
 - Bréf frá gjaldkera félagsins til aðalstjórnar var lagt fyrir þar sem lýst er yfir áhyggjum á stöðu bókhaldsmála félagsins og hversu erfiðlega innleiðing á nýju bókhaldskerfi hefur gengið.
 - Gjaldkeri óskaði eftir því að honum ásamt Þorsteini Júlíusi stjórnarmanni í aðalstjórn verði falið að fara vel yfir fjárumsýslu og bókhaldsmál félagsins og koma með tillögur til úrbótum.
 - Erindið var samþykkt.
5. Fyrirspurn um afslætti stjórnarmanna í deildum félagsins af æfingagjöldum
 - Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að engin deild félagsins sé að veita afslætti til stjórnarmanna fyrir utan fimleikadeildina.
 - Framkvæmdastjóra var falið að kynna sér málið betur hjá fimleikadeild og fá nánari upplýsingar um málið.
6. Fræðsla fyrir þjálfara
 - Umræður voru um hvað hægt væri að gera í fræðslumálum innan félagsins fyrir þjálfara.
 - Ákveðið var að Ásta og Þórdís í samvinnu við starfsmann félagsins setji upp hugmyndir og plan að námskeiðum hjá Stjörnunni
7. Boðslisti Stjörnunnar
 - Framkvæmdastjóri birti aðalstjórn boðslista félagsins sem notaður er til að bjóða á stóra íþróttaviðburði og úrslitaleiki.
 - Boðslistinn hefur m.a. verið notaður á úrslitaleiki bikarkeppni KKÍ, Evrópuleiki í knattspyrnu, Íslandsmeistaramót í fimleikum, úrslitaleiki í blaki, bikarúrslit í handknattleik og fleiri viðburðum.
 - Aðalstjórn félagsins samþykkti listann.



- Ákveðið var að gera grein fyrir boðslistanum á næsta félagsfundi.

8. Öldungamótið í blaki

- Framkvæmdastjóri upplýsti aðalstjórn um Öldungamótið í blaki sem fram fer 5-7. Maí 2016 í Garðabæ
- Búist er við 1500-2000 keppendum og er undirbúningur hafinn hjá Blakdeildinni.
- Blakdeildin hefur átt fund með handknattleiksdeild og körfuknattleiksdeild vegna íþróttaaðstöðu sem deildin mun þurfa að nýta fyrir mótið.

9. Kvennahlaup ÍSÍ

- Uppgjör kvennahlaupsins var birt
- Nú liggur fyrir að Anna Möller mun hætta sem formaður nefndarinnar
- Framkvæmdastjóra var falið að kanna áhuga annarra í nefndinni til að taka við keflinu eða öðrum hópum eða einstaklingum.

10. Félagsgjöld

- Rætt var um innheimtu félagsgjalda hjá Stjörnunni.
- Kristjáni, Sigríði Dís og Þorsteini var falið að taka verkefnið lengra og koma með tillögur að útfærslu í samráði við framkvæmdastjóra.

11. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir sumarstarfinu og breytingum á skrifstofu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00. Ritað J.Egils